

BORGARRÁÐ 1. september 2022: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um gjaldskrá sorphirðu – MSS22090014

Lagðar eru fram gjaldskrárbreytingar, tillögur. Til að átta sig betur á þessum tölum óskar fulltrúi Flokks fólksins eftir upplýsingum um hver sé meðaltalshækkun á hvert heimili í sorphirðu og hver meðalkostnaður er á hvert heimili fyrir og eftir breytingarnar sem fyrirhugaðar eru um áramótin. Til að vita hvort gjaldskrár séu hagstæðar er gott að fá samanburð við nágranna sveitarfélög. Hver er kostnaður í samanburði við t.d. kostnað í Kópavogi eða Mosfellsbæ? Hvað kostar 200 lítra tunna þar á ári.